

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 Vogar

Reykjavík 17. ágúst 2017
UST201707-074/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Aragerði 4 - tillaga

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Voga er barst 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu þar sem gert er ráð fyrir að á lóðinni við Aragerði 4 verði byggt fjölbýlishús á tveimur hæðum með 6 íbúðum.


Skipulagssvæðið

Í greinargerð koma fram áhrif deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar segir að ekki sé gert ráð fyrir að áhrif byggingar á landslag og ásýnd verði veruleg þar sem hæð byggingar er takmörkuð við hæð aðliggjandi bygginga og útlit þannig ákvarðað að sem best falli að aðliggjandi byggð.


Umsögn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki frekari athugasemdir.


Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri